

Kennum nýja færni

Greiningar- og rágjafarstöð ríkisins, 2020



Vinnustofan

- Er ætluð aðstandendum, starfsfólki og ráðgjöfum vegna barna á leikskólaaldri sem mögulega hafa frávík í þroska.
- Áhersla er lögð á hvað barnið getur gert nú og hvaða færni við getum kennt barninu sem gagnast því.
- Efni námskeiðsins er skipt á milli tveggja daga og er það um 5 klukkustundir alls.

Vinnustofan – Eitt barn

- Vísað er á námskeiðið. Yfirleitt hafa börn lítið eða ekkert mál eða leiðir til tjáningar, og algengt að þau sýni „óæskilega“ hegðun eða gráti/pirrist oft.
- Fáir þátttakendur
- Tveir kennarar
- Hver og einn einstaklingur á vinnustofunni kemur á það með eitt barn í huga. Fleiri en einn aðstandandi eða einn starfsmaður getur komið og velt sama barninu fyrir sér.
 - Getum þannig haft námskeiðið einstaklingsbundið.
 - Sér námskeið fyrir foreldra og svo starfsfólk/ráðgjafa sveitarfélaga.

Vinnustofan

- Gert er ráð fyrir að óæskileg hegðun sé leið barnsins til þess að tjá sig (Thompson og félagar, 2013).
- Á vinnustofunni hjálpumst við að við að skilja hvað barnið er að reyna að tjá með gráti, pirringi eða jafnvel einhverri „óæskilegri“ hegðun.
 - Getur verið mismunandi í hvert sinn.
 - Fyrirlestrar og verkefni

Uppeldi: Lesið í hegðun

- Sem foreldrar ungra barna verðum við sífelld færari í því að meta hvað barnið okkar þarf út frá gráti þess.
- Svo þroskast þau og verða sífelld færari í að nota grátur sem tjáningarleið, sérstaklega ef þau geta lítið tjáð sig á aðra vegu.
- Mikilvægt er að vera vakandi og taka eftir því þegar barn er farið að „óska eftir“ einhverju með gráti...
 - Því þar er komið tækifæri til þess að kenna barninu.
 - Einnig mikilvægt að kenna sömu færnina á öðrum stundum (þegar náttúruleg tækifæri koma upp).
- Dæmi: Barn sem vill fá drykk á borði.

Atriði sem farið er yfir

- Með því að kenna t.d. tákni þegar barn er augljóslega að reyna að tjá þarfir með grátum, þá minnkar tíðni gráturs og notkun tákna aukast (Thompson og félagar, 2013).
- Við sýnum hvernig er hægt að kenna nýja færni í hversdagslegum aðstæðum
 - Við nýtum hversu vel við þekkjum/skiljum barnið.
 - Veljum hvaða hegðun getur komið í staðinn - Hver og einn fær aðstoð.
 - Við kennum nýja færni í stað „óæskilegrar“ hegðunar, þegar barnið hefði venjulega gripið til þeirrar hegðunar. Notum gjarnan sýnikennslu.
 - Reynum að passa að óæskilega hegðunin breyti ekki lengur aðstæðum fyrir barninu, þ.e. „virki“ ekki lengur. Barnið fær aðstoð.
- Dæmi barn sem lemur móður sína þegar hún talar.

Tjáskipti kennd út frá virkni hegðunar

Þessi aðferð við að kenna nýja færni er :

- Eitt algengasta inngripið sem notað er fyrir börn með þroskafrávik og fyrir börn á einhverfurófinu (Falcomata og Wacker, 2013)
- Ein áhrifaríkasta leiðin til þess að minnka tíðni óæskilegrar hegðunar og auka félagslega hegðun (Tiger, Hanley og Bruzek, 2008; Walker og félagar, 2018).
- Farið er yfir hvernig mögulegt sé að nýta þessar sömu hversdagslegu leiðir til að kenna m.a. tjáningu, félagsfærni, að leika ein, róa sig sjálf og fara eftir einföldum fyrirmælum (náttúruleg kennsla – incidental teaching).

Dæmi

- Barn sem er að leika sér sjálft fer skyndilega að öskra og gráta.
- Þegar foreldri kemur að sér það að kubbarnir sem voru uppraðaðir eru komnir út um allt. Foreldrið hjálpar barninu að raða kubbum upp á nýtt og kemur því aftur af stað í leik.
- Hér hefur foreldrið kennt barninu hvernig það getur óskað eftir aðstoð. - Því aðstoð kemur í kjölfar öskurs/gráturs.
- Á sama hátt er hægt að kenna aðra hegðun, til dæmis að nota tákn eða mynd.
 - Og einnig mögulegt að búa til tækfæri til þess að kenna hegðunina þess á milli.

Atriði sem farið er yfir

- Farið er yfir fleiri leiðir til þess að kenna nýja færni.
- Ekki er mælt með viðurlögum á þessu námskeiði og þau ekki kennd.
- Fyrirbyggjandi leiðir kynntar.
 - Myndræn fyrirmæli og dagskipulag, sjónrænar „keðjur“, val, viðvörðunarkerki (fingur, tímavaki) og að lesa í aðdraganda hegðunar.
- Farið yfir leiðir til þess að kenna „mikilvæga“ hegðun
 - Svvara nafni, skiptast á, óska eftir aðstoð, fara eftir einföldum fyrirmælum, bíða (Fahmie og Luczynski, 2018).
- Vinnustofan byggir á rannsóknum í hagnýtri atferlisgreiningu og á skipulagðri kennslu.

Heimildir

- Fahmie, T. A., og Luczynski, K. C. (2018). Preschool life skills: Recent advancements and future directions. *Journal of applied behaviour analysis*, 51, 183-188.
- Falcomata, T. S., og Wacker, D. P. (2013). On the use of strategies for programming generalization during functional communication training: A review of the literature. *Journal of Developmental and Physical Disabilities*, 25, 5- 15.
- Thompson, R., Cotnoir-Bichelman, N., McKerchar, P., Tate, T., og Dancho, K. (2007). Enhancing early communication through infant sign training. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 40, 15–23.
- Tiger, J.H., Hanley, G.P., og Bruzek, J. (2008). Functional communication training: a review and practical guide. *Behav Anal Pract.* 1(1):16-23.
- Walker, V. L., Lyon, K. J., Loman, S. L., og Sennott, S. (2018). A systematic review of Functional Communication Training (FCT) interventions involving augmentative and alternative communication in school settings, *Augmentative and Alternative Communication*, 34(2), 118-129.
- Wichers, M., Kasanova, Z., Bakker, J., Thiery, E., Derom, C., Jacobs, N., og Os, J. (2015). From Affective Experience to Motivated Action: Tracking Reward-Seeking and Punishment-Avoidant Behaviour in Real-Life. *Plos One*, 10 (6), 1-18.